

Nr. 60/1887.

Páll Jónsson

gegn

Amtskrifara Jóni Magnússyni,

og til vara

sýslumanni Benedikt Sveinssyni.

Dómur:

Hinn 30. dag júlímán. f. á. gaf amtskrifari Jón Magnússon á Akureyri út stefnu á hendur Páli Jónssyni, barnakennara á Akureyri, ábyrgðarmanni og ritstjóra blaðsins „Norðurljóssins“, út af grein einni, er staðið hafði í nefndu blaði, og þótti meiðandi fyrir Benedikt Sveinsson, sýslumann í Þingeyjarsýslu. Í stefnu þessari er þess getið, að sýslumanni Benedikt Sveinssyni hafi af amtmanninum yfir Norður- og Austuramtinu 18. maí 1887 verið boðið að höfða mál gegn ábyrgðarmanni og ritstjóra blaðsins „Norðurljóssins“, barnakennara Páli Jónssyni á Akureyri, út af nafnlausri grein í 2. tölublaði 2. árg. nefnds blaðs, bls. 5—7, þar sem svo er að orði komið um dóm, sem sýslumaður Benedikt Sveinsson hefur upp kveðið í máli milli kaupfélags Þingeyinga og hreppsnefndarinnar í Húsavíkurhreppi: „Kynlegur þykir mörgum þessi dómur, og líkastur því, að dómaram um sje umhugaðra um að eyða málinu en að dæma röksamlega og einarðlega um málsatriðin“. Þessi skipun amtins er ekki lögð fram í málinu. En á hinn bóginn hefur hinn stefndi, Jón Magnússon, lagt fram brjef frá amtmanninum í Norður- og Austuramtinu til hans, dags. 18. maí 1887, með hverju hann skipar hann til að flytja mál þetta fyrir Benedikt Sveinsson, og er þess í sama brjefi getið, að hann sama

dag hafi veitt sýslumanni Benedikt Sveinssyni gjafsókn í málinu, en eigi hefur gjafsóknarleyfið verið fram lagt. Mál þetta var dæmt í aukarjetti Akureyr- arkaupstaðar 29. ágústmán. f. á. með þeim úrslitum, að framan-greind ummæli um Benedikt sýslumann Sveinsson eða dóm hans skuli dauð og ómerk, en Páll Jónsson greiða 100 kr. sekt til landsjóðs eða sæta einföldu fangelsi í 30 daga; svo skyldi hann og greiða allan málskostnað, eins og málið ekki hefði verið sótt með gjafsókn, og þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða málfutningsmanns sækjanda 8 krónur.

Þessum dómi hefur Páll Jónsson áfrýjað til yfir- dómsins með stefnu 14. desbr. f. á. og þar krafizt:

1. að undirrjettardómurinn í máli þessu verði felldur úr gildi, og að málinu verði vísað frá undirrjettinum, eða að áfrýjandinn, ritstjóri Páll Jónsson, verði algjörlega sýknaður af kærnum og kröfum sækjandans.
2. að stefndi, kand. Jón Magnússon, verði sektaður fyrir þessi ummæli hans í sóknarskjali til undirrjettarins:

„og enn segir greinarhöfundurinn (í Norðurljós- inu) — — — „að undirdómarinn í Þingeyjar- sýslu hafi „vísvitandi með ranglæti reynt að eyða málinu“, „og að hann hafi gengið í lið með hreppsnefndinni til þess að *ofsækja* fje- lagið“,

sem og að þessi ummæli hans verði dæmd dauð og ómerk.

3. að kand. Jón Magnússon — eða til vara sýslu- maður Benedikt Sveinsson — verði dæmdur til að greiða áfrýjandanum, ritstjóra Páli Jónssyni,

allan málskostnað fyrir undir- og yfirdómi með 60 kr., eða einhverju eptir mati rjettarins nægilegu.

Hinir stefndu hafa ekki mætt og enginn af þeirra hendi, og ber því að dæma málið eptir skjölum þeim og skilríkjum, sem í því eru lögð fram.

Það sjest ekki af málsskjölunum, að Benedikt sýslumaður Sveinsson hafi bedið amtmanninn yfir Norður- og Austuramtinu um gjafsókn, eða að hann hafi stígið nokkurt fet til þess að höfða mál þetta, og virðist því kand. Jón Magnússon hafa brostið sjerhverja heimild til þess, að höfða mál þetta fyrir hönd Benedikts Sveinssonar sýslumanns, sem þrátt fyrir skipun amtsins gat látið hjá líða, að höfða málið gegn því að taka þeim afleiðingum, er það kynni að baka honum. Ber því, þar sem kand. Jón Magnússon ekki hafði heimild til þess að höfða mál þetta fyrir hönd Benedikts Sveinssonar, að fella hinn áfrýjanda aukarjettardóm úr gildi, og að vísa málinu frá undirrjettinum, og hlýtur Jón Magnússon eptir þessum úrslitum að greiða áfrýjanda málskostnað, er skal ákveðinn 25 krónur. Krafa áfrýjanda undir tölul. 2. að ofan kemur ekki til álita, enda var hún ekki lögð undir dóm í hjeraði.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur skal ógildur og málinu vísað frá undirrjettinum. Hinn stefndi, Jón amtskrifari Magnússon, greiði áfrýjanda, Páli Jónssyni, í málskostnað 25 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.